

Íslenska álfélagið hefur með bréfi dags. 8. janúar sl. óskað eftir upplýsingum um stefnu íslenskra stjórnvalda varðandi losun gróðurhúsalofttegunda með sérstöku tilliti til losunar frá stóriðju.

Ísland hefur fullgilt Rammasamning Sp um loftslagsbreytingar og þar með skuldbundið sig til "að takmarka útstreymi gróðurhúsalofttegunda af manna völdum". Hvað stóriðju varðar þá byggir stefna íslenskra stjórnvalda á þeirri forsendu að uppbygging stóriðju samræmist ofangreindu markmiði að því gefnu að losun gróðurhúsalofttegunda sé haldið í lágmarki á hverja framleiðslueiningu.

Árið 1997 var samþykkt svokölluð Kyoto-bókun við rammasamninginn. Hún felur í sér lagalega bindandi losunarmörk fyrir aðildarríki á fyrsta fimm ára skuldbindingartímabili bókunarinnar 2008-2012. Útfærslu Kyoto bókunarinnar lauk á 7. aðildarríkjaþingi loftslagssamningsins í nóvember s.l. Við þá útfærslu var m.a. tekið á sérstöðu Íslands og annarra smærri ríkja varðandi nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa með sérákvæði. Þannig er ákveðið að koltvíoxíðlosun frá iðnaðarferlum í tilteknu iðjuveri sem leiðir til meira en 5% aukningar í koltvíoxíðlosun einstaks ríkis verði haldið utan við losunarmörk Kyoto bókunarinnar með tilteknum skilyrðum. Skilyrðin eru í fyrsta lagi að heildarlosun viðkomandi ríkis hafi ekki verið meiri en 0,05% af heildarlosun iðnríkjanna árið 1990, í öðru lagi að endurnýjanlegir orkugjafar séu notaðir til framleiðslu þeirrar orku sem notuð er í iðjuverinu og í þriðja lagi að besta fáanlega tækni sé notuð og bestu umhverfisverndaraðgerða gætt við framleiðsluna. Ákveðið hámark losunar er á þessu sérákvæði hvað varðar losun á koltvíoxíði frá nýrri stóriðju og er hámarkið miðað við 1,6 miljónir tonna á ári að meðaltali á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar á árabílinu 2008-2012. Þegar sérákvæðið var samþykkt seinni hluta árs 2001 lágu fyrir ákveðnar forsendur sem byggðu á þeim fyrirætlanum um framkvæmdir sem stjórnvöldum var þá kunnugt um. Á þeim tíma var einungis gert ráð fyrir stækkun álversins í Straumvík í 200 þús. tonna ársframleiðslu. Þrátt fyrir það má telja afar líklegt að stærstur hluti eða öll losun koltvíoxíðs vegna stækkunar álversins í 460 þús. tonna ársframleiðslu geti rúmast innan sérákvæðisins á fyrsta skuldbindingartímabili bókunarinnar. Það mun þó ráðast endanlega af tímasetningu þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru og falla undir sérákvæðið. Þess skal getið að forsenda þessa mats er sú að losun koltvíoxíðs sé ekki meiri í nýjum verkefnum en sem nemur 1,51 tonni af koltvíoxíði á hvert framleitt tonn af áli. Endanleg ákvörðun um nýtingu þessa sérákvæðis verður í höndum iðnaðarráðherra.

Flúorkolefni, sem losna við álframleiðslu falla ekki undir sérákvæði, en þessi efni hafa eins og kunnugt er mikil og langvarandi gróðurhúsaáhrif. Hins vegar eru möguleikar á takmörkun losunar þessara efna í áliðnaði mun meiri en koltvíoxíðs. Þar eð sömu reglur gilda um losun flúorkolefna og aðra losun gróðurhúsalofttegunda héraendis verða álfyrirtæki að bera fulla ábyrgð á losun þeirra og gera fullnægjandi ráðstafanir til þess að halda losun þeirra í lágmarki á fyrsta skuldbindingartímabilinu í samræmi við Kyoto-bókunina og samþykkt 7. þings aðildarríkja loftslagssamningsins í Marrakesh.

Meiri kröfur munu á hinn bóginn verða gerðar til upplýsinga til skrifstofu loftslagssamningsins um losun frá fyrirtækjum sem fellur undir umrætt sérákvæði en almennt gerist. Þannig er mælt til þess að aðildarríki með verkefni sem uppfylla

skilyrðin sem tilgreind voru hér að ofan gefi í árlegum losunarskýrslum sínum upplýsingar um iðnaðarferlalosun á hverja framleiðslueiningu, heildarlosun frá iðnaðarferlum frá þessum verkefnum og mat á þeim samdrætti í losun sem leiðir af notkun endurnýjanlegrar orku í þessum verkefnum. Einnig er mælt til þess að skrifstofa samningsins taki saman þessar upplýsingar og leggi fram samanburð við upplýsingar um iðnaðarferlalosun á hverja framleiðslueiningu frá öðrum aðildarríkjum og gefi skýrslu um þessar upplýsingar til þings aðildarríkja eftir að Kyoto bókun hefur öðlast gildi.

Nú er unnið að undirbúningi fullgildingar Kyoto bókunarinnar og nýlega samþykkti ríkisstjórnin stefnumörkun um aðgerðir til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar innan hennar. Losun flúorkolefna hefur umtalsvert vægi í þessu sambandi. Þetta kallar á náð samráð álfyrirtækja á Íslandi og íslenskra stjórnvalda. Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir því að losun á hverja framleiðslueiningu verði með því besta sem gerist í iðnaðinum eða sem svarar um 0,14 tonn af ígildi CO₂ vegna flúorkolefna á hvert framleitt tonn af áli. Gangi það ekki eftir mun það raska forsendum stefnumörkunarinnar og kalla á önnur viðbrögð. Ljóst er að umræddur árangur næst ekki strax og framleiðsla hefst og að það getur tekið allt að þrjú ár að ná fullum árangri eftir gangsetningu. Þau tilfelli þar sem slíkt gangsetningartímabil fellur saman við skuldbindingartímabilið 2008-2012 kunna því að kalla á sérstök tímabundin viðbrögð. Að óbreyttu er því gert ráð fyrir að fari losun flúorkolefna vegna nýrrar álframleiðslu umfram ofangreind viðmið, verði vikomandi framleiðandi að gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta því.